

með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærð, Aldís Bjarnadóttir, greiði kr. 10.000,00 í sekt til byggingarsjóðs ríkisins, og komi varðhald 50 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hrl., að upphæð kr. 1.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1959.

Nr. 171/1958. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson hrl.)

gegn

Daníel Jóni Kjartanssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Svo sem segir í héraðsdómi, hefði ákærði átt að veita telpunni, sem fyrir slysinu varð, og stallsystur hennar eftirtekt, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu, er hann ók yfir gatnamót Vestmannabrautar og Bárugötu í umrætt skipti. Bar honum þá að fylgjast með ferðum þeirra og haga akstri sínum svo, að þeim stafaði sem minnst hættu af. Með aðgæzluskorti sínum hefur hann gerzt sekur við þau lagaþöð, sem í héraðsdómi greinir. Á hinn bóginn ber á það að líta, að ákærði ók varlega að vætti vitna og að telpan hljóp út á akbrautina í veg fyrir bifreiðina. Þegar litið er til þessa, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr.

1.500,00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Jón Kjartansson, greiði kr. 1.500,00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 16. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. fyrra mánaðar, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 19. sept. 1957 af dómsmálaráðherra, gegn Daníel Jóni Kjartanssyni verzlunarmanni, Heiðarvegi 51, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa laugardaginn 27. júlí sl. um kl. 12.10 ekið bifreiðinni V-166 af Hilmisgötu og norður Bárustíg í Vestmannaeyjum án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn, með þeim afleiðingum, að bifreiðin fór yfir stúlkuna Soffíu Bogadóttur, sem hljóp í þessu yfir Bárustíg á móts við húsið Garða, en stúlkan beið þegar bana.“ Þykir þetta varða við 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941.

Ákærisk því framangreindur Daníel Jón Kjartansson til að sæta refsingu skv. 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og

38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, til ökuleyfisviptingar skv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 12. janúar 1940 á Ísafirði og hefur ekki sætt kæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 27. júlí 1957 um kl. 12.10 ók ákærði vörubifreiðinni V-166 um gatnamót Vestmannabrautar og Bárustígs. Nefnd bifreið er eign firmans Kjartans Friðbjarnarsonar & Co., og er hún vöruflutningabifreið af gerðinni Bedford með stýrið hægra megin. Ákærði var einn í bifreiðinni. Áður en ákærði kom að gatnamótunum, hafði hann stöðvað bifreiðina fyrir framan verzlun Einars Lárussonar, Vestmannabraut 35. Ók ákærði bifreiðinni þaðan aftur á bak og inn á Hilmisgötu, þar eð ákærði ætlaði að aka niður Bárustíg, sem er í beinu framhaldi af Hilmisgötu. Þegar ákærði hafði ekið aftur á bak aðeins inn á Hilmisgötu, stöðvaði hann bifreiðina og skipti vél hennar úr aftur á bak ganghraðastigi í 2. ganghraðastig og ók áfram yfir Vestmannabraut inn á Bárustíg. Ákærði kveðst hafa ekið hægt yfir gatnamótin og út á vinstri vegarhelming Bárustígs, og kveðst hann hafa litið til vinstri, um leið og hann ók yfir Vestmannabraut, en horfði svo aftur beint fram fyrir bifreiðina, er hann ók inn á Bárustíg. Að sögn ákærða fannst honum eins og vinstra framhjól bifreiðarinnar færi yfir stein, eftir að bifreiðin var nýkomin inn á götuna. Fannst ákærða einkennilegt, að bifreiðin skyldi fara yfir stein á þessum stað, enda gatan malborin og slétt. Ákærði kveðst því hafa litið út um afturrúðu bifreiðarinnar rétt á eftir og kveðst hafa séð tvær telpur standa grátandi á gangstéttinni við húsið Vestmannabraut 32 (Garða), Bárustígs megin, og er ákærði gáði betur að, sá hann, hvar telpa lá á götunni nokkuð fyrir aftan bifreiðina. Ákærði stöðvaði vél bifreiðarinnar og tók vélina úr sambandi (úr gír) og fór síðan út úr bifreiðinni til þess að aðgæta, hvað komið hefði fyrir. En bifreiðin tók þá að renna áfram niður götuna, svo að ákærði hljóp aftur inn í bifreiðina og setti hana aftur í gír. Ákærði fór síðan þangað, sem telpa lá, og var Erling Ágústsson rafvirki kominn þar að, svo og kom fleira fólk á slysstaðinn í þessu. Ákærði lét bifreiðina síðan vera kyrra á staðnum, unz lögreglan hafði lokið athugunum sínum á slysstaðnum. Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir neinum telpum við gatnamótin, er hann ók inn á Bárustíg, og ekki hafa orðið var við telpuna, sem fyrir

bifreiðinni varð, fyrr en slysið hafði átt sér stað. Ákærði kveðst hafa ekið mjög hægt, er slysið varð, enda nýbúinn að taka bifreiðina af stað. Ákærði fékk bifreiðarstjóraréttindi 24. janúar 1957.

Svo sem að framan greinir, mun slys þetta hafa orðið um kl. 12.10, og mun veður þá hafa verið þurrt og bjart.

Stúlkubarnið, sem fyrir bifreið ákærða varð, hét Soffía Boga-dóttir og átti heima í Hlíðarhúsi hér í bæ. Hún var 7 ára gömul, er slysið varð (fædd 13.7. 1950), og beið samstundis bana, enda fór hjól bifreiðarinnar yfir höfuð barnsins. Rannsókn fór fram á líki telpunnar á sjúkrahúsi Vestmannaeyja strax eftir slysið, og framkvæmdi hana Björn Júlíusson læknir, og lýsir hann banameini stúlkunnar þannig í vottorði sínu um líkrannsóknina:

„Líkið er af stúlkubarni, mælist 120 sm langt. Það er í nankinsfötum, buxum og blússu, strigaskór á fótum. Höfuð og brjóst er allt atað blóði og óhreinindum. Höfuðið er mjög aflagað, nær lagt saman frá hlið til hliðar. Við þreifingu finnst, að höfuðbeinin eru laus og mölbrotin. Um það bil tveim sm fyrir ofan hægra eyra er þverlægt gapandi sár, ca. 20 sm langt, út úr því ganga höfuðbeinin, svo að sér í heilann, sem vellur út, þegar komið er við höfuðið. Blóð rennur úr vitum, eyrum, nefi og munni. Hruml eru á vinstra handarbaki, en aðra áverka er ekki að finna.

Ályktun: Barnið hefur dáíð vegna þess, að þungi hefur nær lagt höfuð þess saman.“

Nokkrir sjónarvottar voru að slysi þessu, og verða nú fram-burðir þeirra raktir nokkuð varðandi slysið.

Vitnið Erling Ágústsson rafvirki ber, að það hafi ekið bifreið sinni, V-102, upp (suður) Bárustíg, og við hlið vitnisins sat Hilmar Sigurðsson bátasmiður. Þegar vitnið kom á móts við húsið Bárustíg 15 eða um 25 m frá slysstaðnum, að því er vitnið telur, sá vitnið, hvar telpa hljóp út á götuna frá gangstéttinni við húsið Garða, sem er á horni Bárustígs og Vestmannabrautar. Vitnið kveður telpuna hafa hlaupið fyrir bifreið, sem kom akandi á hægri ferð eftir vinstra vegarhelmingi Bárustígs. Vitnið kveður telpuna hafa hlaupið út á götuna fyrir bifreiðina það nálægt bifreiðinni, að vitnið kveðst efast um, að bifreiðarstjórninn hafi orðið var við, að telpan hljóp fyrir bifreiðina. Vitnið kveðst ekki betur hafa séð en telpan hrasaði á götunni fyrir framan bifreiðina, og var bifreiðin þá alveg komin að telpunni. Virtist vitninu telpan ætla að rísa á fætur, en fannst svo eins

og telpan veltist einhvern veginn undir bifreiðina og færi milli framhjóla bifreiðarinnar án þess að lenda undir þeim. Vitnið kveðst ekki hafa séð gjörla það, sem skeði næst, en telur, að hægra afturhjól bifreiðarinnar hafi farið yfir barnið. Vitnið stöðvaði strax bifreið sína og hljóp þangað, sem telpan lá á götunni. Vitnið varð fyrst á staðinn, og kveður það telpuna hafa legið þannig á götunni, að höfuð hennar vísaði í áttina að húsinu Vestmannabraut 31. Telpa lá sem næst á vinstri hliðinni. Er vitnið gætti betur að, sá það, að höfuðkúpan var brotin og blæddi úr gagnaugum.

Vitnið Hilmar Sigurðsson skipasmiður skýrir svo frá, að það hafi setið við hlið vitnisins Erlings Ágústssonar í bifreið þess, sem kom akandi upp Bárustíg. Um það bil, sem bifreiðin var á móts við húsið Bárustíg 15, kveðst vitnið hafa séð telpu hlaupa af gangstéttinni vinstra megin (vestanmegin) og út á götuna fyrir bifreið, sem kom akandi hægt niður Bárustíg á vinstra vegarhelmingi. Vitnið kveðst hugsa, að telpan hafi hlaupið út á götuna um $\frac{1}{2}$ m fyrir framan bifreiðina. Þegar telpan var komin aðeins fram fyrir miðja framhögghlífinu, að því er vitnið telur, lenti högghlífin á telpunni. Sýndist vitninu telpan ekki detta strax, heldur ætla að snúa við til baka upp á gangstéttina, en féll í sama bili í götuna og þvældist einhvern veginn undir bifreiðina, að sögn vitnisins. Virtist vitninu vinstra afturhjól bifreiðarinnar fara yfir höfuð stúlkunnar. Telur vitnið, að hægt hefði verið að afstýra slysi þessu, hefði bifreiðarstjórinn hemlað strax, þegar bifreiðin lenti á telpunni.

Vitnið Þórður Stefánsson skipstjóri ber, að það hafi komið gangandi eftir syðri gangstétt Vestmannabrautar að gatnamótunum. Vitnið gekk út á Hilmisgötu og kveðst þá hafa séð, hvar barn lá undir bifreið, sem var í sömu andrá ekið hægt niður Bárustíg spölkorn frá vitninu. Barnið lá fyrir framan afturhjól bifreiðarinnar, og sá vitnið, að hendur barnsins hreyfðust. Vitnið snarstanzaði, þegar það sá þetta, og kveðst hafa séð, að hægra afturhjól bifreiðarinnar fór yfir höfuð barnsins, en síðan lá barnið hreyfingarlaust. Bifreiðin ók hægt á vinstra vegarhelmingi, er þetta skeði, en vitninu virtist bifreiðin ekki vera bein á götunni, en bifreiðarstjórinn rétti bifreiðina af, um leið og hún fór yfir barnið. Vitnið sá ekki, hvaðan telpan kom, þar eð vitnið kom fyrst auga á hana, þar sem hún lá undir bifreiðinni. Vitnið gekk síðan að telpunni og kveður hana hafa legið á vinstri hlið. Mikið blæddi úr telpunni, og kveður vitnið hana

hafa verið látna. Bifreiðin nam staðar nokkru neðar en slysið varð. Vitnið kveður svo til enga umferð hafa verið um gatnamótin í þann mund, er slysið varð, en allmargt fólk var neðar á Bárustíg.

Tvær smátelpur, 5 og 6 ára, sem voru með Soffíu, hafa skýrt svo frá, að þær þrjár hafi verið að koma frá Mjólkurbúðinni á Vestmannabraut 38. Þegar telpurnar voru staddar á gangstéttinni á horni Bárustígs og Vestmannabrautar og voru 1 eða 2 m frá horninu, hljóp Soffía út á götuna og datt skammt frá gangstéttinni, og var eins og hún hefði rekið tána í stein. Soffía settist upp að sögn telpnanna. Önnur telpa kveðst þá hafa tekið eftir bifreið, sem kom akandi í áttina til Soffíu, en hin telpa kvaðst fyrst hafa komið auga á bifreiðina, er hún kom akandi yfir Vestmannabraut. Telpurnar segja nefnda bifreið hafa rekizt í höfuð Soffíu, svo að hún lagðist alveg í götuna og lenti undir bifreiðinni. Báðar telpurnar segja, að vinstra afturhjólið hafi farið yfir telpuna.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að meginorsök slyssins hafi verið sú, að telpa, sem lét lífið í slysinu, hljóp skyndilega út á götuna rétt fyrir framan bifreið ákærða, sem þá var ekið hægt skammt frá vinstri gangstéttarbrún Bárustígs. Ekki verður rengd sú frásögn ákærða, að hann hafi ekki veitt telpunni neina athygli og ekki haft hugmynd um ferðir hennar, áður en slysið varð, enda hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til annars. Á hinn bóginn verður að telja, að ákærði hefði séð til ferða telpnanna þriggja, ef hann hefði sýnt fyllstu varúð og varkárni. Að vísu er stýri bifreiðarinnar hægra megin og því erfiðara fyrir ákærða að fylgjast með umferðinni vinstra megin við bifreiðina, en þegar þau atriði eru virt, að ákærði kom akandi á hægri ferð inn á Bárustíg frá Hilmisgötu, sem er í beinu framhaldi af fyrrnefndri götu, og ákærði virðist því með fyllstu aðgæzlu hafa átt að koma auga á telpurnar og haga akstri bifreiðarinnar í samræmi við það, meðan bifreiðin ók fram hjá telpunum, að umferð um gatnamótin var lítil, er slysið átti sér stað, svo og, að skv. frásögn sjónarvotta má ætla, að ákærði hefði getað afstýrt slysinu, ef hann hefði hemlað, eftir að telpa hljóp fyrir bifreiðina, telst eftir atvikum nokkuð hafa skort á aðgæzlu hjá ákærða, er slysið varð.

Með aðgæzluskorti sínum telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú umferðar-

lög, nr. 26/1958, 37. gr., 1. mgr. Þá telst ákærði hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að gerast samvaldur að slysi, sem mannsbani hlauzt af, með akstri sínum, sem eftir atvikum telst ekki hafa verið nægilega gætilegur.

Þykir refsing ákærða skv. 215. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú umferðarlög, nr. 26/1958, 80. gr., hæfilega ákveðin 3.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir rétt skv. 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 81. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 800,00.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Kjartansson, greiði 3.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 800,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.
